



SAMBAND ÍSLENSKRA VIÐSKIPTABANKA

Ísländska Bankföreningen · Bankers' Association of Iceland

Reykjavík, 1. desember 1997

Alþingi,
efnahags- og viðskiptanefnd,
Þórshamri v. Templarásund,
150 Reykjavík

*Alþingi
Erindi nr. P 122/351
komudagur 2.12.'97*

Efni: Umsögn um lífeyrissjóðafrumvarpið (249. mál).

Vísað er til bréfs yðar frá 21. nóvember 1997, þar sem óskað er eftir umsögn Sambands íslenskra viðskiptabanka (SÍV) um frumvarp til laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða (249. mál).

SÍV fagnar því að víðtæk sátt virðist hafa tekist um nauðsyn þess að setja almenna löggjöf um starfsemi lífeyrissjóða. Lífeyrissjóðirnir eru orðnir mjög fyrirferðarmiklir á innlendum fjármagnsmarkaði og fyrirsjáanlegt er að umsvif þeirra vaxi enn frekar fram á næstu öld. Það er í þessu ljósi sem fagna ber því að nefnd fjármálaráðherra náði samstöðu um texta frumvarpsins sem nú hefur verið lagt fram á Alþingi. Samstaða af þessu tagi eykur líkur á því að loks verði sett almenn löggjöf um starfsemi lífeyrissjóðanna. Varðandi almenna umfjöllun um frumvarpið að öðru leyti vísast til umsagnar SÍV um frumvarpið á síðasta þingi sem send var efnahags- og viðskiptanefnd 29. apríl 1997.

Þá telur SÍV sérstaka ástæðu til að fagna því fyrirheiti ríkisstjórnarinnar að heimild launamanna til að draga lífeyrisiðgjöld frá skatti verði hækkað úr 4% í 6%. Þetta mun hvetja til aukins sparnaðar en það hefur lengi verið ljóst að brýn þörf er á því.

Hér á eftir fara athugasemdir SÍV við einstakar greinar frumvarpsins.

1. mgr. 3. gr. (iðgjaldsstofn).

Í bankakerfinu er ekki einhlítt að greitt sé iðgjald í lífeyrissjóð af yfirvinnu. Sama mun gilda hjá sveitarfélögum. Þessir aðilar tryggja nú þegar starfsmönnum sínum betri lífeyrisréttindi en gerist hjá almennu lífeyrissjóðunum og því vandséð að auka þurfi við iðgjaldsstofninn hjá þessum aðilum. Í þessu sambandi er rétt að benda á að þótt þessir sjóðir myndu sækja um að fá að starfa með óbreyttum hætti á grundvelli 54. gr. þá myndi það einungis ná til núverandi starfsmanna.

2. máls. 1. mgr. 3. gr. (ökutækjastyrkur).

Í bankakerfinu er algengt að starfsmönnum sé greiddur fastur mánaðarlegur ökutækjastyrkur. Starfsmenn halda síðan akstursdagbók og telja fram kostnað á móti ökutækjastyrkinum við gerð skattframtals (reyndar þekkjast einnig dæmi um að starfsmönnum finnist ekki taka því að halda akstursdagbók og láti sig hafa það að greiða hærri tekju-skatt en þeir raunverulega þyrftu). Skilja má 1. mgr. 3. gr. frv. þannig að mánaðarlega skuli greitt iðgjald í lífeyrissjóð af slíkum ökutækjastyrk og að engin leiðrétting fáiast á



grundvelli skattframtals þótt sannanlega sé kostnaður á móti hluta af styrknum. Í þessum tilvikum verður því um ofgreitt lífeyrisiðgjald að ræða.

Því hefur einnig verið haldið fram að skilja beri 2. másl. 1. mgr. 3. gr. þannig að ökutækjastyrkur sé ávallt undanþeginn iðgjaldsstofni. Sú túlkun gæti hins vegar leitt til þess að unnt væri að draga úr greiðslum í lífeyrissjóð með því að auka vægi ökutækjastyrks í heildargreiðslum til starfsmanns.

Skýra þarf betur ákvæði 2. másl. 1. mgr. 3. gr.

4. mgr. 6. gr. (innheimta á 10% iðgjaldi).

Í ákvæðinu er skýrt tekið fram að ríkisskattstjóri megi ákvarða manni iðgjald. Í ákvæðinu kemur einnig skýrt fram hver eigi að annast innheimtuna. Hins vegar er ekki skýrt tekið fram að innheimta eigi alla greiðsluna (þ.e. 10% í heild) af viðkomandi manni. Í ljósi þess að meginreglan er að lífeyrisiðgjaldið skiptist milli launamanns og atvinnurekanda kynni að vera heppilegt að kveða á um það með ótvíræðum hætti í 4. mgr. 6. gr. af hverjum eigi að innheimta iðgjaldið sem ríkisskattstjóri ákvarðar.

Lagt er til að 5. másl. 4. mgr. 6. gr. orðist svo: „Þannig ákvarðað iðgjald skal síðan innheimt af viðkomandi launamanni af innheimtumanni ríkissjóðs eða þeim sem ríkisskattstjóri felur innheimtuna.“

4. mgr. 6. gr. (iðgjald sem 10% af útsvarsstofni).

Þess er að vænta að úrræði ríkisskattstjóra um að ákvarða iðgjald sem 10% af útsvarsstofni verði ekki beitt nema í undantekningartilfellum, heldur verði algengast að menn leiðrétti iðgjaldsskil sín á grundvelli 5. mgr. 6. gr. Engu að síður er það til umhugsunar hvort eðlilegt sé að miða regluna við útsvarsstofn því inn í hann ganga eignatekjur manna og hreinar tekjur (hagnaður) af eigin atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi. Hingað til hefur ekki tíðkast að greiða iðgjald í lífeyrissjóð af þessum tekjum og ekki stendur til að breyta þeirri almennu reglu, sbr. 3. gr.

28. gr. (tilkynning til bankaeftirlits um breytingar á stjórn o.fl.).

Hliðstætt ákvæði um tilkynningu til bankaeftirlits Seðlabanks um breytingu á stjórn, framkvæmdastjóra og endurskoðanda er ekki að finna í lögum um fyrirtæki á fjármagnsmarkaði. Í athugasemdum við greinina eru ekki færð rök fyrir þessu ákvæði og ekki verður séð hvaða tilgangi það þjónar.

Lagt er til að lokamásl. 28. gr. falli brott.

3. mgr. 30. gr. (hortittur).

Ljóst er að hvaða sjóðfélagi sem er getur lagt fram tillögu til breytinga á samþykktum lífeyrissjóðs en ekki eingöngu stjórn hans. Á ársfundi hlýtur að eiga að gera grein fyrir öllum tillögum til slíkra breytinga en ekki eingöngu þeirra sem stjórnin leggur fram.

Lagt er til að orðið „stjórnar“ falli brott úr niðurlagi 3. mgr. 30. gr.

10. tölul. 1. mgr. 36. gr. (hortittur).



Eftir því sem næst verður komist hefur hugtakið „afleiða“ hvergi verið skilgreint í íslenskum rétti. Hins vegar er hugtakið „afleiðusamningur“ notað yfir þessi fyrirbæri og það skilgreint í 2. gr. reglna Seðlabanka Íslands frá 14. júní 1996 um mat á áhættu-grunni við útreikning á eiginfjárlutfalli lánastofnana og fyrirtækja í verðbréfaþjón-ustu. Þá er ástæða til að vekja athygli efnahags- og váðskiptanefndar á því að engar hömlur eru settar á notkun afleiðusamninga en sem kunnugt er hafa öflug fjármála-fyrirtæki erlendis lent í fjárhagserfiðleikum og sum orðið gjaldþrota vegna slíkra samninga.

Lagt er til að orðið „afleiðusamninga“ komi í stað orðsins „afleiða“ í 10. tölul. 1. mgr. 36. gr. Jafnframt er til umhugsunar hvort ekki væri rétt að bæta orðunum „samkvæmt nánari reglum sem bankaeftirlitið setur“ við þennan tölul.

1. málsl. 5. mgr. 36. gr. (undanþága tiltekinna fjárfestinga frá takmörkunum).

Skv. 1. málsl. 5. mgr. 36. gr. eru ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs undanþegin takmörkuninni um að lífeyrissjóður megi ekki eiga meira af verðbréfum útgefnum af sama aðila en sem nemur 10% af hreinni eign hans. Innstæður í bönkum og sparissjóðum hér á landi eru tryggðar af Tryggingarsjóði váðskiptabanka og Tryggingarsjóði sparissjóða og því er að mati SÍV fyllsta ástæða til að undanþiggja innstæður fyrrgreindum fjárfestingartakmörkunum.

Þótt SÍV geri ekki um það ákveðna tillögu er ástæða til að efnahags- og váðskiptanefnd hugleiði hvort 10%-takmörkunin sé of þröng. Hrein eign lífeyrissjóða fer nú ört vaxandi. Á sama tíma dregur úr lánsfjárförf opinberra aðila, fjöldi annarra vænlegra fjárfestingarkosta hér á landi er takmarkaður og samkvæmt frumvarpinu verða möguleikar sjóðanna til að fjárfesta erlendis bundnir ákveðnu hámarki.

Lagt er til að 1. málsl. 5. mgr. 36. gr. orðist svo: „Samanlögð eign sjóðsins í verðbréfum skv. 2.-3. og 5.-9. tölul. 1. mgr. útgefnum af sama aðila eða aðilum sem tilheyra sömu samstæðunni skal ekki vera meiri en 10% af hreinni eign sjóðsins.“

3. máls. 5. mgr. 36. gr. (áhættudreifing í skuldabréfum).

Í 1. málsl. 5. mgr. 36. gr. eru settar tilteknar hömlur á það hversu stóran hluta af eigin fé sjóðsins megi festa í verðbréfum sem útgefin eru af sama aðila. Í 3. málsl. eru síðan settar skorður við því hversu stóran hluta af hlutabréfum eins aðila og hlutdeildarskírteinum eins verðbréfasjóðs lífeyrissjóður getur eignast. Að mati SÍV er eðlilegt að hliðstæð takmörkun gildi um hlutfall skuldabréfa sem einn aðili gefur út. Þannig er eðlilegt að mati SÍV að lífeyrissjóður geti keypt öll skuldabréf sem tiltekinn aðili gefur út svo framarlega sem fjárhæðin sem um er að tefla er undir 10% af hreinni eign sjóðsins. Þá er að mati SÍV ekki rétt að binda takmörkunina í ákvæðinu við hlutfall hlutdeildarskírteina í verðbréfasjóði heldur einstakar deildir verðbréfasjóðs því hver deild ber ábyrgð á skuldbindingum sínum, sbr. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 10/1993, um verðbréfasjóði.



Lagt er til að 3. másl. 5. mgr. 36. gr. orðist svo: „Eigi er lífeyrissjóði heimilt að eiga meira en 15% af hlutafé í hverju fyrirtæki, 15% af skuldabréfum útgefnum af sama aðila og 15% af hlutdeildarskírteinum útgefnum af sömu deild í verðbréfasjóði“.

1. mgr. 40. gr. (hortittur).

Í upptalninguna í 2. másl. 1. mgr. 40. gr. vantar orðið „rekstrarreikning“, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 144/1994, um ársreikninga.

Lagt er til að 2. másl. 1. mgr. 40. gr. orðist svo: „Ársreikningur skal hafa að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, fjárstreymisýfirlit, ...“.

Virðingarfyllst,

Finnur Sveinbjörnsson,
framkvæmdastjóri